

Fundargerð

Skólaráð Ölduselsskóla

26. nóvember 2018

Mættir: Birna Sif (skólastjóri), Elínros (aðstoðarskólastjóri), Sólveig (fulltrúi annarra starfsmanna), Rúna (fulltrúi kennara), Magnea og Kjartan Helgi (fulltrúar nemenda), Ingibjörg og Kristín (fulltrúar foreldra) og Ólafur prestur (fulltrúi grenndarsamfélagsins).

Fjarverandi: Kristín Steinunn (erlendis), Raket (veikindi).

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar.

Heimasíða

Vakin var athygli á nýrri heimasíðu. Foreldrar bentu á að fundargerðir Skólaráðs ættu að vera undir flípanum *skóli* en ekki *foreldrar*.

Bókabrölt

Rætt var um hversu vel verkefnið Bókabrölt fór af stað. Foreldrar nefndu að nú þyrfti að halda verkefninu vel á lofti með kynningum og hvatningu.

Forritunarkennsla

Við vitum ekki enn hvort að styrkur hafi fengist í verkefnið sem snýr að forritunarkennslu. Ágústa í stjórn foreldrafélagsins heldur utan um þessi mál og bíðum við fréttu frá henni.

Sjúk ást

Nemendur í unglingadeild fengu fyrirlesturinn Sjúk ást. Nemendur sögðu að fyrirlesturinn hafi verið ágætur en af því hann var haldinn á sal með öllum í einu þá voru sumir sem tóku þessu ekki nógu alvarlega. Þau nefndu að ef nemendur hefðu fengið fræðsluna í stofu þá hefðu þeir ef til vill tekið honum betur.

Fuck með fuck you

Í síðustu fundargerð kom fram að fræðslan væri um kynheilbrigði en það er ekki rétt heldur fjallar hún um samskipti. Foreldrar fengu fræðslu og voru mjög ánægð með hana. Nemendur tóku undir að þetta væri góð fræðsla og að þau hefðu fengið hana í félagsmiðstöðinni.

Hafragrautur fyrir nemendur

Þar sem kokkurinn hefur verið í leyfi þá hefur þetta verkefni ekki verið framkvæmt. Nemendur upplýstu fundinn um það að þau hefðu búið til undirskriftarlista til að sjá hversu margir myndu nýta sér það að fá sér hafragraut á morgnana. Þau munu skila undirskriftarlistanum til Birnu fljótlega.

Næstu fundir í skólaráði

7. janúar

11. febrúar (Opinn fundur)
25. mars
7. maí

Agaferill

Skólastjóri upplýsti fundinn um það að verið væri að vinna verkferla í agamálum í Ölduselsskóla. Markmið með þessu er að samræma verkferla þar sem hlutverk hvers og eins er skýrt. Þessir verkferlar eru í samræmi við uppbyggingarstefnuna sem við vinnum eftir, nemendur eiga að fá tækifæri til að bæta sig. Þegar plaggið er tilbúið verður það lagt aftur fyrir skólaráð og í framhaldi kynnt fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk.

Spurt var hvort að það væri einhver leið fyrir nemendur að fara ef þeir hafa athugasemdir varðandi kennara sína. Skólastjóri svaraði því að í uppbyggingarstefnunni gera kennarar og nemendur bekkjarsáttmála og fara yfir hvert sé hlutverk kennarans og nemandans. Einnig er algengt að rætt sé beint við stjórnendur ef eitthvað kemur upp. Bent var á að í framhaldsskólum og háskólum hafa nemendur tækifæri til að meta kennarann, svokallað áfangamat.

Símamál

Búið er að ákveða að fá Eyjólf sálfræðing til að ræða við 7.-10. bekk varðandi tölvufíkn. Mikilvægt er að bjóða 7. bekk með á þessa fræðslu þar sem sá árgangur er sá eini á miðstigi sem er í síma í stofu áður en skóli hefst á morgnana.

Nemendaráð verður með borðtennismót í vikunni.

Skólastjórnendur ætla að standa fyrir skólaþingi þar sem rætt verður um hvernig við minnkum notkun á sínum og hvernig við aukum samskipti. Þessi umræða verður við nemendur í unglingadeild. Einnig þarf að skerpa á skólareglum varðandi símanotkun í skólanum. Í Salaskóla fá nemendur punkt fyrir brot á símareglum og það er eitthvað sem við þurfum að skoða hjá okkur. Einnig er gott að vita af því að Reykjavíkurborg er að skoða samræmdar reglur varðandi símanotkun barna í skólum.

Uppbrotsdagar

Skólastjóri ræddi um mikilvægi þess að vera með uppbrotsdaga á skóladagatali. Skólar mega setja allt að 10 uppbrotsdaga á skóladagatalið. Munurinn á skertum dögum og uppbrotsdögum er sá að uppbrotsdagar eru ekki skertir dagar en hægt er að breyta algjörlega stundatöflu þá daga sem er uppbrot. Með þessum dögum þá er auðveldara t.d. að vera með þemadaga. Ákveðið að leggja fram tillögu að uppbrotsdögum næsta skólaárs á fundi 7. janúar.

Starfsáætlun

Starfsáætlun var send til Skólaráðs í október og hafa því allir haft tök á að skoða hana. Óskað var eftir athugasemdum. Þær athugasemdir sem komu voru þær að netföng hjá Rúnu, Rakel og Sólveigu voru ekki rétt skráð í kafla 2.3. Einnig var bent á að letur er ekki eins í kaflanum um skólareglur eins og á texta í öðrum kafla starfsáætlunarinnar.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun var kynnt lauslega. Hún verður send í tölvupósti til allra í skólaráði og á heimasíðu.

Ábending til nemendaráðs

Nemendaráð hefur verið að standa fyrir uppákomum fyrir nemendum undanfarið t.d. spilakvöld og bíókvöld. Foreldrar bentu á að ef foreldrar vissu af viðburðunum þá gætu þeir hvatt börn sín til að taka þátt. Nemendur sögðu að bíókvöldið hafi verið vel sótt en ekki spilakvöldið. Ástæðan fyrir því er

að á spilakvöldinu var bannað að koma með veitingar því þau vildu passa upp á spilin. Stungið var upp á að hægt væri að vera með veitingapásu. Eyjólfur sem heldur utan um nemendaráð gæti sent foreldrum upplýsingar um viðburði í tölvupósti.

Bókasafn

Nemendur spurðu hvort hægt væri að fá fleiri bækur á bókasafnið. Skólastjóri upplýsti að starfsmaður bókasafns hafi verið að kaupa bækur fyrir 300.000 kr. og ættu því að vera hægt að sækja sér nýjar bækur. Foreldrar bentu á að hægt væri að hvetja foreldra til að gefa nýlegar bækur á safnið.

Starfskynning

Nemendur settu fram tillögu um hvort nemendur gætu farið, t.d. á starfsdegi kennara, með foreldrum sínum í vinnuna og fræðst um hvað þau gera. Þau myndu svo kynna fyrir hvert öðru. Einnig gætu kannski einhverjir foreldrar tekið á móti nemendahópum og kynnt fyrir þeim vinnustað.